

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Daglegt líf DAG196 Kennsluáætlun Haust 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennarar:	Harpa Jörundardóttir, Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir, Karen Malmquist, Svanlaugur Jónasson	Sk.st.	HJD, HRS, KMQ, SVJ
------------------	---	---------------	--------------------

Áfangalýsing:

Áfanginn er samþættur, með það að markmiði að auka skilning og færni nemenda í læsi á umhverfi sitt, félagsmótun, ensku og stærðfræði miðað við þær aðstæður sem myndast geta í daglegu lífi. Stuðst er við sex meginstoðir menntunar eins og þær koma fram í nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla – Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf.

Nemendur læra að nýta upplýsingatækni í námi sínu, þjálfast í að vinna með öðrum, þurfa að sýna frumkvæði og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Áfanginn byggist að mestu leyti á verkefnavinnu, einstaklings-, para- og hópverkefni, þar sem áhersla er lögð á þjálfun í lestri, beitingu tungumála í ræðu og riti sem og stærðfræði daglegs lífs. Lögð er áhersla á framkomu, tjáningu og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt leikni í daglegum samskiptum.

Lokamarkmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- íslensku samfélagi og samfélagsgerð
- á helstu hugtökum, viðfangsefnum og orðfæri daglegs lífs
- ólíkum grunngildum og siðferði í samfélaginu
- þeim þáttum sem móta samfélagið, bæði innan lands og utan.
- Grunnaðgerðunum fjórum í stærðfræði.
- Landakortum og notkunarmöguleikum þeirra.
- Náttúrfyrirbærum og áhrifum þeirra á daglegt líf.
- Fólksfjöldaþróun og vandamálum því samfara.
- Mismunandi löndum og einkennum þeirra.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- setja fram á skýran og skapandi hátt efni og upplýsingar.
- notkun internets til upplýsingaleitar, uppbyggilegra samskipta og úrlausna verkefna af ýmsum toga.
- að skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf með tilliti til samhengis orsaka og afleiðinga.
- skipuleggja tíma sinn á raunhæfan hátt, hvort sem er gagnvart skóla, vinnu eða daglegu lífi.
- Prósetnum, gjaldmiðlum, tölfærði og ýmisu öðru tengdu daglegu lífi.
- Kortalestri, skilgreiningu á náttúrfyrirbærum og mati á vandamálum fólksfjöldaþróunar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Daglegt líf DAG196 Kennsluáætlun Haust 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auðga og þroska samskiptahæfni sína, bæði í persónulegum samskiptum og við formlegri aðstæður.
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og geta sett sig í spor annarra.
- taka þátt í lýðræðislegri samræðu og samstarfi.
- nemandinn geti metið upplýsingar og niðurstöður með gagnrýnni hugsun og fært rök fyrir skoðunum sínum.
- Njóta betur umhverfis okkar og vera meðvituð um mikilvægi þess að nýta það sem lífið og landið hefur upp á að bjóða án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.

Efnisþættir:

- Notkun, gildi og áhrif samfélagsmiðla. Nemendur noti samfélagsmiðla í samskiptum innan hóps á ábyrgan máta.
- Fjölmiðlar- gildi og áhrifamáttur. Leitast við að nemendur rýni í miðla og setji fram eigið form af fjölmiðli með skírskotun í áhugasvið hópsins og daglegt líf. Áhrif auglýsinga og tölvuleikja rædd sérstaklega sem og birtingarmyndir unglunga í fjölmiðlum.
- Fíknir í ýmsum myndum. Skoðað út frá reynsluheimi unglunga en einnig rýnt í áhrif fíknar á fjölskyldur.
- Gildi félagslífs, sjálfbóðaliðastarfa og samhjálpur í samfélaginu. Tækifæri innan og utan skóla skoðuð.
- Hegðun, framkoma og tjáning. Hvað er við hæfi og hvað ekki? Lítið á málið út frá einstaklingnum sjálfum og hinum ýmsum aðstæðum sem geta skapast í daglegu lífi.
- Mikilvægi fjölskyldu og vina í félagsmótun. Hverjir hafa áhrif á það hver við erum?
- Kynhlutverk – kynímyndir í miðlum og samfélagi. Birtingarmyndir kynjanna og álitamál þeim tengd skoðuð frá mörgum sjónarhornum.
- Fjármálalæsi. Innsýn í heim fjármálanna á grunni eigin framfærslu og út frá sjónarhóli mismunandi fjölskyldugerða.
- Ungmennir og það sem skiptir þau máli. Nemendur búa til og leggja fyrir könnun byggða á hinum ýmsu efnisþáttum áfangans, þó með áherslu á þarfir og langanir unglunga.
- Tækni. Nemendum veitt innsýn í notkunarmöguleika tölva, snjallsíma, myndavéla og ýmissa forrita í tengslum við ofangreinda efnisþætti.
- Enska. Fjallað um ýmsa efnisþætti á ensku og unnið með tungumálið, bæði almennt varðandi samskipti og í ákveðnum verkefnum.
- Stærðfræði – verkfæri stærðfræðinnar hagnýtt í tengslum við efnisþætti og nemendum gerð grein fyrir vægi stærðfræðinnar í daglegu lífi.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Daglegt líf DAG196 Kennsluáætlun Haust 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

- Kort sem grunnur að þekkingu og uppbygging þeirra. Lönd heimsins ásamt staðfræði Íslands. Land í mótun – innræn og útræn öfl. Unnið með fólksfjöldaskýrslur og rýnt í framtíðina.

Kennsluefni:

Allt efni kemur frá kennurum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Heimaverkefni í stærðfræði	10%	Félagsmótun	5%
Próf í stærðfræði	5%	Rekstur unglinga	5%
Kynhlutverk	10%	Fíknir (fyrirlestur og skýrsla)	15%
Dagbók (á ensku)	5%	Þýðingarverkefni (myndefni/textun)	10%
Lesskilningsverkefni	5%	Staðfræðiverkefni	5%
Verkefni um náttúrufyrirbæri	10%	Fólksfjöldaverkefni	5%
Kynning á landi	10%		

Samtals:

100%

***Sé viðveru og ástundun ábótavant þ.e. ef viðvera fer undir 91% þá dregst 1 heill frá reiknaðri lokaeinkunn, ef viðvera fer undir 81% dragast 2 heilir frá reiknaðri lokaeinkunn fari viðvera undir 71% telst nemandi hafa fallið í áfanganum. Tekið er tillit til langvinnra veikinda og óviðráðanlegra forfalla.**

Dagsetning: 9. september 2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils